

**Tillögur og greinargerðir vegna fundar Reykjavíkurráðs ungmenna
með borgarstjórn Reykjavíkur
27. febrúar 2018**

1) *Elínborg Una Einarsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um samspil íslenskukennslu og aðstoðar við heimanám fyrir börn og foreldra af erlendum uppruna:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að standa fyrir átaki fyrir fjölskyldur af erlendu bergi brotnar þar sem fram fari á sama tíma tungumálakennsla fyrir foreldra og heimanámsaðstoð fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára. Lagt er til að ungmenni sem standa námslega vel að vígi taki að sér að aðstoða í þessu átaki gegn því að fá vinnuna metna til eininga eða sem val í grunnskóla.

Greinargerð:

Börn innflytjenda standa verr að vígi í námi hérlandis en í nágrannalöndunum (sjá fréttir um PISA-könnun), að hluta til kann þetta að orsakast af því að umrædd börn geti ekki leitað aðstoðar við lærdóminn heima fyrir vegna skorts á íslenskukunnáttu. Þessu er hægt að bregðast við með átaki sem fælist í því að börn ásamt foreldrum þeirra myndu sækja námskeið einu sinni til tvisvar í viku þar sem foreldrarnir fengju íslenskukennslu á meðan börnin fengju aðstoð við lærdóminn. Mikilvægt er að þessi þjónusta verði gjaldfrjáls.

2) *Regína Gréta Pálsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um gjaldfrjáls námsgögn fyrir 16-18 ára nemendur í framhaldsskólum:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera námsgögn reykvískra 16-18 ára nemenda í framhaldsskólum gjaldfrjáls frá og með haustönn árið 2018 í formi styrkja.

Greinargerð:

Menntun er sjálfsgöð mannréttindi og börn og foreldrar eiga ekki að bera kostnað af skólagögnum. Kostnaður við skólagögn eykst ár frá ári og við unglingsaldur getur hann hlaupið á tugum þúsunda. Reykjavíkurborg hefur samþykkt að frá og með haustinu 2018 sjái Reykjavíkurborg grunnskólanemum fyrir ritföngum og öðrum skólagögnum nemendum að kostnaðarlausu. Við viljum ganga lengra og leggja til að þeir framhaldsskólanemendur sem enn eru börn fái einnig skólagögn og ritföng sér að kostnaðarlausu og þá í formi styrkja frá borginni.

3) *Embla Nótt Pétursdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um geðheilbrigðisþjónustu og sálfræðiaðstoð í grunnskólum:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hefja undirbúning þess að unnt verði að bjóða nemendum í grunnskólum Reykjavíkur upp á gjaldfrjálsa sálfræðiaðstoð í skólanum eigi síðar en á vorönn 2019.

Greinargerð:

Fyrir tveimur árum lögðum við í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða fram þá tillögu til borgarstjórnar að skóla- og frístundasvið í samstarfi við velferðarsvið byði upp á

gjaldfrjálsa sálfræðiaðstoð í grunnskólum. Við viljum nú ítreka þá tillögu. Auðvelda þarf aðgengi að sálfræðiaðstoð fyrir ungmenni sem glíma við geðræn vandamál. Samkvæmt mælingum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts frá árinu 2015 var rúmlega fjórðungur stúlkna í 9. bekk með kvíða og líklegt er að sú tala hefur hækkað síðan þá. Hár kostnaður er oft mikil fyrirstaða fyrir ungmenni að leita sér hjálpar og þar að auki er geðheilsa gjarnan mikið feimnismál.

4) Freyja Dögg Skjaldberg, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukið aðgengi ungmenna að líkamsrækt og hreyfingu:

Lagt er til að borgarstjórn beiti sér fyrir því að ungmenni hafi betri aðstöðu til að stunda hreyfingu og líkamsrækt á eigin forsendum. Farið er fram á að lausn verði kynnt fyrir Reykjavíkurráði ungmenna fyrir lok árs 2018.

Greinargerð:

Framboð á hreyfingu og líkamsrækt fyrir ungmenni er af mjög skornum skammti, nema þegar um keppnisíþróttir er að ræða. Þar af leiðandi leggjum við fram tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg komi til móts við ungmenni um bættu aðstöðu. Við teljum að t.d. væri hægt að nýta íþróttahús grunnskólanna með því að tryggja skólum og frístundastarfi forgang að tímabókunum í upphafi skólaárs.

5) Arndís María Ólafsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar um aukin atvinnutækifæri unglinga:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auka atvinnutækifæri unglinga með því að gera ráð fyrir hlutastörfum á elliheimilum, frístundaheimilum yngsta stigs grunnskóla og á leikskólum á veturna sem eru ætluð unglíngum með skóla og þannig aðstoða borgina með mönnun á þessa staði sem erfitt hefur verið að fá starfsfólk.

Greinargerð:

Tillaga okkar snýst um auka atvinnumöguleika nemenda á unglíngastigi grunnskóla. Að unglíngum verði boðið upp á vinnu á leikskólum, frístundaheimilum og í félagsstarfi með eldri borgurum og taki þar með þátt í samfélaginu og leysi vanda stofnana sem eru í leit að starfsfólki. Þetta er hugsuð sem vinna í 2-3 tíma á dag að loknum skóladegi. Áhugasamir umsækjendur myndu gangast undir atvinnuviðtal hjá starfsmanni félagsmiðstöðvar og stjórnanda viðeigandi stofnana sem og að þátttaka í skóla og mæting væri metin. Þetta mun hafa bæði jákvæð áhrif á samfélagið og auka reynslu ungmenna á atvinnumarkaði. Við krefjumst þess að tillaga okkar taki gildi að loknu sumri 2018.

6) Eydís Helga Viðarsdóttir og Kristín Lára Torfadóttir, fulltrúar í ungmennaráði Árbæjar og Holta

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um viðbragðsáætlun við kynferðislegu ofbeldi og áreitni í skóla- og frístundastarfi:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar að vinna aðgengilega viðbragðsáætlun við kynferðislegu ofbeldi og áreitni fyrir grunnskóla og

frístundamiðstöðvar Reykjavíkur. Þessi áætlun skal samþykkt í borgarstjórn og birt á heimasíðum skóla og frístundamiðstöðva tímanlega fyrir skólaárið 2018-2019.

Greinargerð:

Eftir að hafa farið inn á heimasíður margra skóla fann ungmennaráðið nánast ekkert um hvert nemendur geta leitað eða hvaða ferli fer af stað ef einstaklingur verður fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Ráðinu finnst mikilvægt að þolendur kynferðisofbeldis og áreitni, hvort sem er af hendi starfsmanna eða nemenda, geti auðveldlega nálgast upplýsingar um hvert þeir eigi að leita og hvaða aðstoð og viðbrögð eigi að vera til staðar í skólum og hjá Reykjavíkurborg. Ráðinu finnst einnig mikilvægt að kennarar og starfsfólk skóla- og frístundasviðs fái fræðslu um hvernig skuli bregðast við slíkum málum.

7) Ebba Kristín Yngvadóttir, fulltrúi í ungmennaráði Grafarvogs

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um endurbætur á einkunnakerfi í grunnskólum:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að skipuleggja fræðslu fyrir kennara, nemendur, foreldra og yfirstjórnendur um ABC-kerfið eigi síðar en fyrir skólaárið 2018 og að textalýsing verði gerð fyrir B+ og C+ og að einkunnakvarðinn verði endurskoðaður. Lagt er jafnframt til að sýnispróf og verkefni verði gerð til að leiðbeina kennurum hvernig skuli búa til hæfnimiðuð verkefni.

Greinargerð:

Nauðsynlegt er að hafa gagnsæi í einkunnakerfi svo nemendur geti staðsett sig í námi. Óöryggi er hjá nemendum og kennurum hvað varðar ABC-kerfið vegna þess að ekki fór fram næg fræðsla og kynning þegar kerfið var innleitt. Verklef og skapandi kennsla myndi auðvelda mat á hæfni en ekki er nægilega skýrt hvernig meta skuli hæfni nemenda.